

Hagstofa Íslands

óskar eftir að ráða
metnaðarfullan
og áhugasaman
starfsmann



Sérfræðingur í utanríkisverslunardeild

Utanríkisverslunardeild vinnur tölur um vöruskipti við útlönd og þjónustuviðskipti við útlönd.

Starfið felur í sér úrvinnslu, greiningu og útgáfu á tölum um vöruskipti við útlönd í samræmi við kröfur alþjóðastofnana. Einnig fellur undir starfið að þróa aðferðir og útgáfur, auk þess að eiga samskipti við notendur og gagnaveitendur.

Hæfniskröfur

- ✓ Háskólapróf í hagfræði eða skyldum greinum.
- ✓ Þekking á vinnslu gagnagrunna (SQL/Access) er æskileg.
- ✓ Reynsla af framsetningu tölulegra upplýsinga.
- ✓ Góð íslensku- og enskukunnátta.
- ✓ Geta til að vinna sjálfstætt, skipulega og undir álagi.
- ✓ Nákvæmni, samvirkusemi, frumkvæði og samskiptahæfileikar.

Umsóknarfrestur er til **8. september 2014**

Um er að ræða fullt starf og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytis og hlutaðeigandi stéttarfélag. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Póstáritun Hagstofa Íslands, starfsumsókn, Borgartúni 21a, 105 Reykjavík
Sími 528-1000
Netfang starfsumsokn@hagstofa.is
Upplýsingar Ólafur Þórðarson [olafur.thordarson@hagstofa.is]



Hagstofa Íslands



Verkís leitar að öflugum liðsmönnum

Vegna aukinna verkefna leitum við að kraftmiklu fólki til liðs við Verkís. Við erum að leita eftir jákvæðum einstaklingum sem sýna metnað og frumkvæði í starfi og eiga auðvelt með að vinna í hópi.

Loftræsihönnuður

Fjölbreytt verkefni við hönnun loftræsikerfa fyrir allar gerðir mannvirkja

Menntunar- og hæfniskröfur

- Verk- eða tæknifræðingur á sviði véla eða bygginga
- Fimm ára reynsla af hönnun loftræsikerfa
- Góð kunnátta í AutoCAD
- Þekking á Revit og MagiCad æskileg
- Gott vald á íslensku og einu Norðurlandamáli

Rafmagnsverkfræðingur á sviði raforkukerfa

Kerfisathuganir, útreikningar og hönnun í raforkukerfum

Menntunar- og hæfniskröfur

- Rafmagnsverkfræðingur
- Þekking á raforkukerfum er æskileg
- Áhugi á að læra á sérhæfðan hugbúnað í faginu
- Gott vald á íslensku og ensku
- Gott vald á einu Norðurlandamáli er kostur

Sérfræðingur á sviði fráveitumála

Fjölbreytt verkefni við hönnun og gerð útboðs- og verklysinga fyrir dælu- og hreinsistöðvar og útrásir fráveitukerfa

Menntunar- og hæfniskröfur

- Verk- eða tæknifræðingur á sviði véla eða bygginga
- Umtalsverð reynsla af hönnun fráveitukerfa, hreinsistöðvar og dælustöðva
- Reynsla af stjórnun verkefna
- Góð kunnátta í AutoCAD, Civil 3D og rennslisforritum veitukerfa
- Gott vald á íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli

Reyndur veituhönnuður

Fjölbreytt verkefni við hönnun og gerð útboðs- og verklysinga fyrir veitukerfi (fráveita, vatnsveita og hitaveita)

Menntunar- og hæfniskröfur

- Byggingarverkfræðingur / -tæknifræðingur
- Þriggja ára reynsla í hönnun veitukerfa
- Gott vald á íslensku og einu Norðurlandamáli
- Góð kunnátta í AutoCAD, Civil 3D og rennslisforritum veitukerfa

Sérfræðingur í hönnun hússtjórnarkerfa/SD kerfa

Hönnun rafkerfa í byggingar, áætlanir og útboðsgagna-gerð með áherslu á hússtjórnarkerfi/SD-kerfa. Ráðgjöf og verkefnastjórnun innan fagsviðsins

Menntunar- og hæfniskröfur

- Rafmagnsverkfræðingur / -tæknifræðingur með sérhæfingu á sviði sjálfvirkni og stýringa, með 5 ára reynslu
- Þekking á hússtjórnarkerfum og stjórnkerfum almennt
- Góð kunnátta í AutoCAD
- Gott vald á íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli

Reyndur veghönnuður

Fjölbreytt verkefni við hönnun og gerð útboðs- og verklysinga fyrir samgöngumannvirki

Menntunar- og hæfniskröfur

- Byggingarverkfræðingur / -tæknifræðingur með sérhæfingu í veghönnun og samgöngutækni
- Umtalsverð reynsla af veghönnun
- Kunnátta á Nova Point eða Civil 3D er æskileg
- Gott vald á íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli

Byggingarverkfræðingur eða -tæknifræðingur - Selfoss

Fjölbreytt verkefni á sviði hönnunar, eftirlits og almennrar verkfræðiráðgjafar

Menntunar- og hæfniskröfur

- Byggingarverkfræðingur / -tæknifræðingur
- Reynsla af störfum við hönnun og ráðgjöf
- Þekking á helstu hönnunar- og teikniforritum sem nýtast í starfi
- Gott vald á íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli

Umsóknir skulu sendast á umsoknir@verkis.is fyrir **15. september n.k.** Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað. Nánari upplýsingar veitir Elín Greta Stefánsdóttir mannauðsstjóri, egs@verkis.is

HEILINDI - METNAÐUR - FRUMKVÆÐI

Verkís er öflugt og framsækið ráðgjafar fyrirtæki sem býður fyrsta flokks þjónustu á öllum sviðum verkfræði. Hjá Verkís starfa um 340 manns að fjölbreyttum og krefjandi verkefnum á Íslandi og erlendis.



Ofanleiti 2 | 103 Reykjavík | verkis@verkis.is | 422 8000



Fjeldsted & Blöndal lögmannsstofa óskar eftir löglærðum fulltrúa sem getur hafið störf sem fyrst

Áhugasamir vinsamlegast sendið ferilskrá ásamt einkunnum úr grunn- og meistaranámi til Heiðrúnar Jónsdóttur, hdl., (heidrun@fjeldco.is) fyrir þann 10. september n.k.

Lögmannsstofurnar Fjeldsted, Blöndal & Fjeldsted og AKTIS hafa sameinað rekstur sinn undir merkjum Fjeldsted & Blöndal. Fjeldsted & Blöndal byggir á traustum grunni en skrifstofan rekur rætur sínar til ársins 1909 sem gerir hana að einni elstu starfandi lögmannsstofu landsins. Á þeim rúmu 100 árum sem stofan hefur starfað hefur verið lagður grunnur að áframhaldandi veitingu gæðþjónustu til framtíðar.

Fjeldsted & Blöndal veitir fjölbreytta lögmannsþjónustu sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna af lögfræðistörfum bæði á Íslandi og í öðrum löndum. Þjónustan er fyrst og fremst sniðin að þörfum fyrirtækja og stofnana.

Starfsmenn skrifstofunnar hafa einnig reynslu og þekkingu sem kennarar og fræðimenn á háskólastigi og sem innanhússlögfræðingar hjá alþjóðlegum fyrirtækjum.

Hæfniskröfur:

- Lokið meistaranámi
- Fyrsta einkunn úr grunn- og meistaranámi æskileg
- Lögmannsréttindi æskileg
- Gott vald á íslensku og ensku
- Vinnur vel undir álagi
- Góð samstarfs- og samskiptahæfni
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Færni í rannsóknarvinnu og lögfræðilegri greiningu



Ármúla 17, 108 Reykjavík, www.fjeldco.is



DJÚPAVOGSHREPPUR

Auglýsir starf ferða- og menningarmálfulltrúa laust til umsóknar.

Starfssvið:

Að veita ráðgjöf og upplýsingar varðandi ferða- og menningarmál í sveitarfélaginu. Að stuðla að öflugri menningarlífi í samvinnu við einkaaðila, félagasamtök og opinberar stofnanir.

Menntunar og hæfniskröfur:

Háskólamenntun sem nýtist í starfi. Færni í mannlegum samskiptum og upplýsingagjöf til fjölmiðla. Áhersla er lögð á frumkvæði, öguð og sjálfstæð vinnubrögð auk góðrar íslensku-, ensku- og tölvukunnáttu.

Launakjör:

Um laun og kjör fer eftir samningum viðkomandi stéttarfélags og samninganefndar sveitarfélaga.

Gert er ráð fyrir að nýr ferða- og menningarmálfulltrúi taki til starfa 1. október.

Umsóknarfrestur er til 15. september.

Frekari upplýsingar veitir sveitarstjóri 478-8288 / sveitarstjóri@djuvovogur.is

Verslunarstarf

Rafvörumarkaðurinn óskar eftir að ráða starfsmann til almennra verslunarstarfa.

Vinnutíminn er frá 09:00 til 18:00 virka daga, og ein helgi í hverjum mánuði. Um framtíðarstarf er að ræða. Leitum að heiðarlegum aðila með ríka þjónustulund. Æskilegt er að starfsmaðurinn sé með reynslu af verslunarstörfum og sé reyklus.

Upplýsingar sendist á rvm@rvm.is fyrir 8. september.




RAFVÖRU MARKAÐURINN

Lágvöruverslun með rafmagnsvörur

Rafvörumarkaðurinn - Við Fellsmúla - 108 Reykjavík

Vertu í fremstu röð í fjarskiptum



Deildarstjóri fasteignadeildar

Míla óskar eftir að ráða deildarstjóra yfir fasteignadeild fyrirtækisins. Starfið felur í sér ábyrgð á rekstri, viðhaldi og fjárfestingum tengdum fasteignum Mílu.

Um umfangsmikið og krefjandi starf er að ræða en Míla rekur símstöðvar og tækjahlús á tæplega 600 stöðum víðsvegar um landið.

Helstu verkefni

- Gerð rekstrar- og fjárfestingaráætlana ásamt samningagerð
- Samskipti við land- og húsnæðiseigendur og bygginga- og skipulagsyfirvöld
- Ábyrgð á viðhaldi öryggis-, loftræsti- og kælikerfa
- Rekstur og eftirlit með varaafli og rafmagnsdreifingu tækjarýma
- Daglegur rekstur og stjórnun fasteignadeildar

Reynsla og hæfni

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af rekstri og stjórnun
- Reynsla af samningagerð
- Góð þekking á rekstri og viðhaldi fasteigna
- Leiðtogaþæfni

Umsóknir óskast fylltar út á www.mila.is undir **starfsumsókn**.

Umsóknarfrestur er til og með **7. september** næstkomandi.

Fyllsta trúnaðar verður gætt við meðferð og úrvinnslu umsókna.

Míla byggir upp og rekur fullkomnasta fjarskiptanet á Íslandi. Míla sér fjarskipta- og afþreyingarfyrirtækjum fyrir aðstöðu og dreifileiðum um net ljósleiðara og koparstrengja sem tengja byggðir landsins við umheiminn. Míla er lífæð samskipta.

Gildi Mílu eru virðing, forysta og traust.



Míla ehf. • Suðurlandsbraut 30 • Sími 585 6000 • www.mila.is

Okkur sárvantar fólk! Komdu á Bíldudal



Íslenska kalkþörungafélagið leitar að duglegu og jákvæðu starfsfólki til starfa í verksmiðju fyrirtækisins á Bíldudal. Í boði eru 5 framtíðarstörf sem henta jafnt konum sem körlum.

Æskileg reynsla og hæfni:

- Öryggisvitund
- Frumkvæði
- Samvirksemi og vandvirkni
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Vinnuvélaréttindi

Kynntu þér málið.

Allar nánari upplýsingar veitir Einar Sveinn Ólafsson framkvæmdastjóri í síma 897 0303. Einnig má senda fyrirspurnir á einar@iskalk.is.

Umsóknir ásamt ferilskrá afhendist á skrifstofu Íslenska kalkþörungafélagsins eða á **netfangið einar@iskalk.is**.

Lyfjateknir

Borgar Apótek óskar eftir að ráða lyfjatekni í fullt starf sem fyrst í lyfjaskömmun ásamt öðrum tilheyrandi verkum.

Viðkomandi þarf að geta starfað sjálfstætt, hafa góða þjónustulund, vera traustur og skipulagður. Reynsla af lyfjaskömmun eða úr apóteki er kostur.

Umsóknir ásamt ferilskrá óskast sendar á einar@borgarapotek.is. Umsóknarfrestur er til og með 5. september næstkomandi.

Borgar Apótek
Borgartún 28 • Sími 553 8331



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

ÞJÓNUSTULIÐI RÆSTING

í Menntaskólanum í Kópavogi

Menntaskólinn í Kópavogi óskar eftir að ráða þjónustuliða til ræstinga og umsýonar með umgengni í skólanum á dagvinnutíma. Möguleiki á hlutastörfum.

Laun eru skv. sérstökum samningi Eflingar og fjármálaráðuneytis.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skólans í síma 594 4000 hjá skrifstofustjóra eða ræstingastjóra.

Skólameistari

STJÖRNUGRÍS

Stjörnugrís hf. Saltvík 116 Reykjavík

Óskar eftir að ráða í framtíðarstarf kjötiðnaðarmann í pylsugerð/lögun í nýja glæsilega kjötvinnslu. Spennandi tækifæri fyrir duglega og metnaðarfulla einstaklinga.

Umsóknir sendist á netfangið: valborg@svinvirkar.is og gudrun@svinvirkar.is
Upplýsingar gefur Óli í síma: 898 5990

Capacent Ráðningar

SÖLUSTJÓRI FERSKUR FISKUR



Icelandic Group er alþjóðlegt fyrirtæki með yfir sjö áratuga sögu í íslenskum sjávarútvegi. Hjá félaginu starfa um 1.800 manns í Evrópu og Asíu að því að stilla saman veiðar, vinnslu, flutning og sölu sjávarfangs um víða veröld. Heildarvelta fyrirtækisins er um 100 milljarðar króna.

Icelandic Group óskar eftir að ráða sölustjóra fyrir ferskan fisk. Um er að ræða krefjandi og fjölbreytt starf hjá leiðandi sjávarútvegsfyrirtæki sem starfar í alþjóðlegu umhverfi.

Starfssvið:

- Samskipti við dótturfyrirtæki Icelandic Group erlendis
- Samskipti við Icelandic Ný-Fisk og aðra framleiðendur á Íslandi
- Viðskiptaþróun og samskipti við nýja viðskiptavini erlendis
- Samningagerð
- Gerð söluáætlana

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Þekking og reynsla af innkaupum og sölu á ferskum sjávarafurðum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Metnaður til að ná árangri í starfi

Umsóknarfrestur er til og með 7. september nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veita Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) og Elín Friðjónsdóttir (elin.fridjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

LISTRÆNN STJÓRNANDI GERÐARSAFN



Kópavogsbær auglýsir eftir listrænum stjórnanda Gerðarsafns. Safnið er framsækið listasafn sem leggur megináherslu á nútíma- og samtímalist. Það var reist í minningu Gerðar Helgadóttur myndhöggvara. Gerðarsafn tilheyrir Lifthúsi Kópavogsbæjar sem fer með öll menningarmál bæjarins. Lista- og menningarráð er stjórn Gerðarsafns. Listrænn stjórnandi er ráðinn skv. reglum Kópavogs um ráðningu starfsmanna. Ráðið er í starfið til fimm ára í senn.

Helstu verkefni:

- Skipuleggur, kynnir og heldur utan um listsýningar safnsins
- Mótar listræna stefnu í samráði við lista- og menningarráð
- Sér um faglega starfsemi safnsins og hefur frumkvæði að viðburðum
- Ábyrgð á listaverkasafni Kópavogsbæjar
- Þátttaka í almennri stefnumótun
- Annast kaup á listaverkum í samráði við lista- og menningarráð
- Gerir tillögu að fjárhagsáætlun fyrir sýningar safnsins
- Samskipti og samstarf við Lifthús Kópavogsbæjar og aðrar menningarstofnanir

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Góð þekking á myndlist og reynsla af lista- og menningarstarfi
- Reynsla af sýningastjórnun
- Reynsla af alþjóðlegu samstarfi
- Hugmyndaauðgi, listrænt innsæi, frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Jákvætt viðmót og lipurð í mannlegum samskiptum
- Færni til að setja fram mál í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Þekking og reynsla af rekstri er kostur

Umsóknarfrestur er til og með 15. september nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsjón með ráðningunni hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14
Sími 540 1000

capacent

Hjúkrunarfræðingar

Aðstoðardeildarstjóri

Starf aðstoðardeildarstjóra er laust til umsóknar hjá hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð. Á deildinni eru 27 hjúkrunarrými þar af eru 4 rými fyrir hvíldarinnlagir. Starfshlutfall 80-100%. Starfið er laust frá 1. desember 2014 eða eftir nánara samkomulagi.

Hjúkrunarfræðingar

Starf hjúkrunarfræðings er laust til umsóknar hjá hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð. Á deildinni eru 23 hjúkrunarrými þar af eru 11 á séreiningu fyrir minnissjúka. Starfshlutfall 80-100% eða eftir samkomulagi.

Einnig vantar hjúkrunarfræðinga á helgarvaktir eða í lágt starfshlutfall, eftir samkomulagi.

Um síðustu áramót tók nýr aðili við rekstri heimilisins sem leitar nú að öflugum starfskrafti til þess að taka þátt í endurskipulagningu á rekstri og stefnumótun heimilisins.

Umsóknir sendist til: Dagmar Huld Matthíasdóttir, hjúkrunarforstjóri
S: 894-4128, dagmar@sunnuhlid.is, sem jafnframt veitir nánari upplýsingar.



Sunnuhlíð
Hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi

Töku og myndbandsklippari í eigin rekstri,

með mikla þekkingu á öllu er viðkemur myndböndum/kerfum, kódekum og fl. Getur bætt við sig verkefnum eða 50-70% starfi, ýmislegt kemur til greina. Uppl. Jens-JennaFILM s.896 3785



GÖNGUDEILD, VERKJAMIDSTÖÐ Hjúkrunarfræðingur

Starf hjúkrunarfræðings á göngudeild 10E er laust til umsóknar. Starfshlutfall er 50%, dagvinna. Starfið er laust frá 1. október 2014 eða eftir samkomulagi. Lögð er áhersla á að taka vel á móti nýju fólki og veita góða aðlögun.

Á göngudeild 10E er verkjamidstöð sem veitir ráðgjöf og þjónustu við sjúklinga og starfsfólk á Landspítala. Að þjónustunni koma sérfræðingur í hjúkrun sjúklinga með verki og sérfræðingur í svæfingum, gjörgæslulækningum og verkjameðferð.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Veitir ráðgjöf til sjúklinga, aðstandenda og starfsmanna um verki og verkjameðferð
- » Er þátttakandi í þverfaglegri samvinnu um mat og meðferð verkja á Landspítala
- » Tekur þátt í kennslu og fræðslu um verki og verkjameðferð til sjúklinga, aðstandenda, starfsfólks og nemenda á Landspítala

Hæfniskröfur

- » Íslenskt hjúkrunarleyfi
- » Góð samskiptahæfni og sjálfstæð vinnubrögð
- » Reynsla af hjúkrun sjúklinga með flókinn verkjavandamál
- » Æskilegt er að viðkomandi hafi viðbótarmenntun á sviði verkjameðferðar eða hafi hug á námi því tengdu

Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 15. september 2014.
- » Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá. Ákvörðun um ráðningu byggist á innsendum gögnum og viðtölum.
- » Upplýsingar veita Brynja Björk Gunnarsdóttir, deildarstjóri, brynjagu@landspitali.is, sími 825 3607 og Sigríður Zoéga, sérfræðingur í hjúkrun, szoega@landspitali.is, sími 824 5494.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á: www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

Hársnyrtivörur – sala og ráðgjöf

Vegna aukinna verkefna leitum við að hársnyrti til að bæta við sölu- og ráðgjafateymið okkar

Starfssvið:

- Samskipti við hársnyrtistofur
- Tilboðsgerð og sölufundur
- Ráðgjöf um notkun á vörum
- Vinna við kynningarefni
- Kynningar og námskeið fyrir viðskiptavinum

Hæfniskröfur:

- Fagmenntun í hársnyrtingu
- Góð samskiptahæfni og þjónustulund
- Frumkvæði, dugnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð almenn tölvukunnátta
- Reynsla af sölustörfum er umtalsverður kostur
- Önnur menntun eða reynsla sem nýst gæti er kostur

Um er að ræða hlutastarf 60-80%, fyrri hluta vikunnar, sem getur farið vel með hlutastarfi á hársnyrtistofu. Starfið getur þróast í fullt starf síðar. Viðkomandi mun fá fræðslu og þjálfun hjá erlendum samstarfsfyrirtækjum

Proact er faglegt og framsækið fyrirtæki sem býður upp á sterk vörumerki fyrir hársnyrtistofur og snyrtistofur. Okkar markmið er að styðja vel við okkar viðskiptavinum með góðri þjónustu og reglulegum námskeiðum. Helstu vörumerki fyrir hársnyrtistofur eru Matrix, L'Oréal, Joico og Kérastase.

TALENT
RÁÐNINGAR

Linnetsstígur 1 | 220 Hafnarfjörður | talent@talent.is | Sími 552-1600

Umsjón með starfinu hefur
Lind Einarsdóttir hjá Talent
Ráðningum, lind@talent.is

Umsóknarfrestur er til 8. september.
Umsækjendur eru vinsamlega beðin að sækja um
starfið á heimasíðu Talent Ráðninga, www.talent.is



Fjársýsla
ríkisins

Fjársýsla ríkisins er ríkisstofnun sem sér um reikningshald og fjárreiður ríkisins.

Hlutverk Fjársýslu ríkisins er meðal annars að samræma reikningsskil ríkisaðila og tryggja tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar um fjármál ríkisins og stuðla að öruggri og skilvirkri greiðslumiðlun fyrir ríkissjóð.

Fjársýsla ríkisins leggur áherslu á liðsheit, starfsánægju, gagnkvæma virðingu og gott starfsumhverfi með öflugum hópi starfsmanna. Hjá Fjársýslunni er lögð áhersla á góðan starfsanda, fjölskylduvænt vinnuumhverfi og að starfsfólk hafi tækifæri til að þróast í starfi.

Nánari upplýsingar um stofnunina er að finna á vefsíðu hennar www.fjs.is

Umsóknarfrestur er til og með 11. september 2014. Nánari upplýsingar um starfið veita Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) og Ari Eyberg (ari@intellecta.is) hjá Intellecta í síma 511 1225. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf. **Farið verður með allar fyrirspurnir sem trúnaðarmál.**

Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225

Löggiltur endurskoðandi

Fjársýsla ríkisins óskar eftir að ráða löggiltan endurskoðanda í áhugavert og krefjandi framtíðarstarf. Um er að ræða starf forstöðumanns á uppgjörssviði, sem stýrir innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla hjá ríkissjóði og ríkisstofnunum auk þess að stýra hefðbundnum verkefnum sviðsins. Staðan heyrir beint undir fjársýslustjóra.

Starfssvið:

- Veitir uppgjörssviði forstöðu
- Uppgjör fyrir ríkissjóð
- Leiðir vinnu við innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla
- Samskipti við ráðuneyti, ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki
- Samskipti við erlenda og innlenda aðila

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Löggiltur endurskoðandi
- Starfsreynsla sem löggiltur endurskoðandi
- Reynsla af mannaforráðum er æskileg
- Skipulagshæfileikar og reynsla af stjórnun verkefna
- Frumkvæði, öguð vinnubrögð og samskiptafærni
- Góð kunnátta í Excel og haldgöð þekking á upplýsingatækni
- Góð kunnátta í íslensku og ensku

Kjörið tækifæri fyrir einstakling sem vill takast á við faglegar áskoranir og spennandi framtíðarstarf.

intellecta

■ ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir

Auglýsinga- /grafískur hönnuður óskast

Við viljum ráða auglýsinga- eða grafískan hönnuð hjá fyrirtæki á sviði næringar, heilsu- og hjúkrunar.

Starfið er 70 - 100% og felst í að hanna auglýsingar, markaðsefni og sjá um fréttabréf ásamt vefsíðu.

Við leitum að jákvæðri manneskju sem getur unnið sjálfstætt og í teymi, hefur áhuga á heilsuefningu og jákvæðum lífsstíl.

Reynsla og tilvísun til meðmæla óskast.

Góð vinnuaðstaða og fjölbreytt starf.

Áhugasamir sendi umsókn á box@frett.is fyrir **10 sept.** merkt „**auglýsingar og sköpun 0710**“

ATVINNA

AP-ÞRIF leitar að einstaklingum í vinnu.
Ræstingar, afleysingar og gluggaþvottur.

Einungis íslensku- eða enskumælandi einstaklingar koma til greina.

Ákjósanlegur aldur er 20–40 ára. Gerðar eru kröfur um bílpróf og hreint sakavottorð.

Umsóknir sendist á bjarki@ath-thrif.is eða á www.ath-thrif.is, merkt „ATVINNA“



Skeiðarási 12
210 Garðabæ



GJÖRGÆSLA OG VÖKNUN FOSSVOGI Hjúkrunarfræðingar

Störf hjúkrunarfræðinga á gjörgæsludeild og vöknun í Fossvogi eru laus til umsóknar.

Á Gjörgæsludeild Fossvogi dvelja bæði börn og fullorðnir með margvisleg heilsufarsvandamál. Þar leggjast inn sjúklingar sem þarfnast gjörgæslumeðferðar af öðrum deildum LSH og veitt er margskonar sérhæfð meðferð sem krefst mikilla þekkingar. Starfshlutfall er 80%-100%.

Vöknun Fossvogi sinnir sjúklingum eftir skurðaðgerðir. Einnig leggjast inn sjúklingar eftir ýmsar aðrar meðferðir og rannsóknir sem þarfnast svæfingar eða deyfingar. Um er að ræða vaktavinnu í miðri viku. Vöknun er lokað um helgar og lögbundna frídaga. Starfshlutfall er 60-100%.

Störfin eru laus frá 15. september 2014 eða eftir nánari samkomulagi. Á deildunum gefst kjörið tækifæri til að kynna gefandi og einstaklingshæfðri hjúkrun sjúklinga sem þurfa mikla og flókna umönnun. Við sækjumst eftir hjúkrunarfræðingum sem búa yfir þekkingu og reynslu sem og nýtskrifuðum hjúkrunarfræðingum. Lögð áhersla á að taka vel á móti nýju fólki og veita góða aðlögun undir leiðsögn reyntra hjúkrunarfræðinga.

Helstu verkefni og ábyrgð

Að veita einstaklingshæfða hjúkrun, ráðgjöf og stuðning til skjólstaðinga og aðstandenda þeirra. Lögð er áhersla á þátttöku í teymisvinnu.

Hæfniskröfur

- » Íslenskt hjúkrunarleyfi
- » Góð samskiptahæfni og sjálfstæð vinnubrögð
- » Faglegur metnaður og áhugi á gjörgæsluhjúkrun/ hjúkrun á vöknun

Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 15. september 2014.
- » Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá. Ákvörðun um ráðningu byggist á innsendum gögnum og viðtölum.
- » Upplýsingar veita Kristín Ingibjörg Gunnarsdóttir, deildarstjóri, krisgunn@landspitali.is, sími 824 5986 og Ólöf Sveinbjörg Sigurðardóttir, hjúkrunarfræðingur, olofss@landspitali.is, sími 824 5860.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun



VILT ÞÚ TAKA ÞÁTT Í AÐ MÓTA KRAFTMIKIÐ OG LIFANDI UPPLÝSINGATÆKNIFYRIRTÆKI?

RB er traust og öflugt þjónustufyrirtæki á sviði upplýsingatækni sem hefur þróað hinar ýmsu fjármálalausnir, þar á meðal öll megin greiðslukerfi landsins. Helstu viðskiptavinir RB eru fjármálafyrirtæki og váttryggingafélög. Markmið RB er að gegna lykilhlutverki í hagræðingu innan íslenska fjármálamarkaðarins með því að lækka upplýsingatæknikostnað fjármálafyrirtækja. Hjá RB starfar mikið af öflugasta IT-fólki landsins – og þó víðar væri leitað.

Við leitum að framúrskarandi kerfisstjórum í eftirfarandi störf:

- Kerfisstjóri í grunnþjónustu (IT Infrastructure)
- Kerfisstjóri fyrir Linux

Það tekur mörg ár að verða framúrskarandi kerfisstjóri. Ef þín sýn og vilji er að sjálfvirknivæða hlutina og starfa í hópi jafningja sem hafa sömu sýn þá er þetta rétta starfið fyrir þig.

Okkar æðsta markmið er að veita viðskiptavinum okkar 100% uppitíma og það gerum við með því að hafa í okkar röðum kerfisstjóra í fremstu röð. Einstaklinga sem við treystum fyrir lyklinum að mikilvægustu upplýsingatæknikerfum landsins. Það eru ekki margir sem uppfylla þau skilyrði, ert þú einn af þeim?

Við trúum á öfluga liðsheid og lífum og brennum fyrir áskoranir sem felast í flóknum tölvukerfum. Tækniteymin okkar eru ábyrg fyrir þeirri vinnu sem þau skila og þau hafa frelsi til þess að gera það sem þarf til þess að ná frábærum árangri. Við viljum að tími þinn hjá RB sé besti tími starfsævi þinnar.

Nánar um störfin

Kerfisstjórnarnir eru hluti af 30 manna tæknirekstrardeild sem ber ábyrgð á rekstri allra upplýsingatæknikerfa RB auk þess að reka flest miðlægt bankakerfi á Íslandi.

Kerfisstjóri í grunnþjónustu (IT Infrastructure)

Mun koma að rekstri og uppbyggingu á IaaS (Infrastructure as a Service) umhverfi RB og fær tækifæri á að takast á við skemmtileg og krefjandi verkefni.

Hæfniskröfur:

- Mikil reynsla af rekstri á grunnþjónustum eins og sýndarlausnum (VMWare), diskalausnum eða netþjónalausnum.
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er kostur, en ekki nauðsynleg.
- Góðir samskiptahæfileikar.
- Geta og vilji til að vinna vel í hópi en einnig geta til að vinna sjálfstætt.
- Drifkraftur og vilji til að takast á við stór og skemmtileg verkefni.

Kerfisstjóri fyrir Linux

Mun koma að rekstri og uppbyggingu á Linux og AIX umhverfi RB ásamt þeim lausnum sem keyra ofan á því umhverfi og fær tækifæri til að takast á við skemmtileg og krefjandi verkefni.

Hæfniskröfur:

- Mikil reynsla af rekstri á Linux og lausnum sem keyra á Linux umhverfinu.
- Reynsla af AIX og afritunarlausnum er kostur.
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er kostur, en ekki nauðsynleg.
- Góðir samskiptahæfileikar.
- Geta og vilji til að vinna vel í hópi en einnig geta til að vinna sjálfstætt.
- Drifkraftur og vilji til að takast á við stór og skemmtileg verkefni.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Eyjólfur Ólafsson forstöðumaður Tæknireksturs, eyjolfur.olafsson@rb.is, sími 569 8877.

Við bjóðum góða vinnuaðstöðu, tækifæri til endurmenntunar og starfsþróunar, frábæra samstarfsfélaga og umhverfi þar sem fagmennska, frumkvæði og traust eru undirstaða allra verka.

Baritón saxófónleikarar eru sérstaklega velkomnir.

Hægt er að sækja um á www.rb.is til 7. september 2014.

Farið verður með umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

REIKNISTOFA BANKANNA | Höfðatorg | Katrínartúni 2 | 105 Reykjavík | Sími: 569 8877 | www.rb.is





Viðskiptastjóri á fyrirtækjamarkaði

Ert þú með ríka þjónustulund, leiðtogafærni og átt auðvelt með samskipti? Þá gæti starf viðskiptastjóra á sölu- og þjónustusviði Vodafone verið framtíðarstarfið þitt. Viðskiptastjóri rættar tengsl við fyrirtæki og sinnir ráðgjöf og þjónustu. Einnig þarf hann að búa yfir sjálfstæði og skilningi á viðskiptaumhverfi fyrirtækja.

Allar nánari upplýsingar um starf og hæfniskröfur er að finna á vodafone.is/storf.

Umsóknarfrestur er til og með 7. september 2014.

Vodafone
Góð samskipti bæta lífið



KNATTSPYRNUÞJÁLFARI / FRAMKVÆMDASTJÓRI ÓSKAST!

Knattspyrnudeild Hvatarnet á Blönduósi og Ungmennasamband Austur Húnavetninga óska eftir því að ráða starfsmann í 100% starf. Starfið felst m.a. í umsjón með daglegum rekstri knattspyrnudeildarinnar og Ungmennasambandsins ásamt þjálfunarstörfum í knattspyrnu.

Viðkomandi þarf að vera með reynslu í þjálfun yngri barna í knattspyrnu auk reynslu og þekkingu af starfi íþróttafélaga. Starfsmaðurinn þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Allar nánari upplýsingar og umsóknir berist til Auðuns Steins á netfangið ass@huni.is / sími 848-0037 eða Hilmaris Þórs á netfangið heidarbraut9@internet.is / sími 693-4760

Umsóknarfrestur er til 5. september n.k.

Knattspyrnudeild Hvatarnet og Ungmennasamband Austur Húnavetninga

Viltu slást í hópinn okkar?



Jarðtengdur rafvirki Starf í útstillingadeild.

Við leitum að rafvirkja sem getur sinnt tilfallandi störfum í húsnæði fyrirtækisins, á veitingastað og í verslun.

Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í rafvirkjun, meistararéttindi kostur
- Geta til að starfa undir álagi
- Kunnátta til að sinna viðhaldi á ýmsum tækjabúnaði svo sem á veitingastað
- Góð þekking á rafmagni, tölvulögnum og hússtjórnarkerfum
- Stundvísi
- Frumkvæði
- Samskiptahæfni

Um er að ræða fullt starf þar sem unnið er virka daga frá klukkan 8-16. Umsóknarfrestur er til og með 13. september 2014.

Nánari upplýsingar um starfið veitir starfsmannasvið (starfsmannasvid@IKEA.is)



Þúsundþjalasmiður Starf í útstillingadeild.

Viðkomandi þarf að getað unnið að viðhaldi á húsnæði og umhverfi fyrirtækisins sem og sinnt verkefnum fyrir útstillingadeild.

Hæfniskröfur:

- Smiðsréttindi
- Handlagni
- Frumkvæði
- Stundvísi
- Samskiptahæfni
- Geta til að starfa undir álagi

Um er að ræða fullt starf þar sem unnið er virka daga frá klukkan 8-16. Umsóknarfrestur er til og með 13. september 2014.

Nánari upplýsingar um starfið veitir starfsmannasvið (starfsmannasvid@IKEA.is)



Nokkur sæti laus Störf í söludeildum, þjónustudeild og á veitingastað

Við óskum eftir góðu fólki í nokkrar deildir fyrirtækisins.

Almennar hæfniskröfur:

- Stundvísi
- Áreiðanleiki
- Ábyrgð
- Jákvæðni
- Metnaður
- Dugnaður
- Sjálfstæði í vinnubrögðum

Umsækjendur verða að hafa náð 18 ára aldri til að umsóknin teljist gild.

Við upphaf ráðningar starfsmanna IKEA er lögð rík áhersla á góða þjálfun, bæði almenna sem og sértæka fyrir þá deild sem starfsmaður er ráðinn til.



IKEA er rótgróið fyrirtæki þar sem 250 manns starfa innan um hönnun á heimsvísu. Stuðlað er að heilbrigði og vellíðan starfsmanna auk virkrar starfsþróunar og símenntunar.

Erum að ráða í fjölbreytt störf í versluninni. Kynntu þér málið á www.IKEA.is



www.hagvangur.is





Matreiðslumaður óskast

Okkur á Höfninni vantar matreiðslumann með gríðarlegan áhuga og metnað fyrir matargerð af betri sortinni. Allur matur er unnin frá grunni hjá okkur og við berum virðingu fyrir íslenska hráefninu sem og klassískum réttum sem við glæðum nýjum stefnum og straumum. Ef þú ert hress, duglegur og heiðarlegur og getur unnið undir álagi þá viljum við fá þig í liðið.

Brynjar svarar þér í síma 8941057 eða á brynjar@hofnin.is

STARF TÆKNIMANNS VIÐ KVIMYNDASKÓLA ÍSLANDS.

Kvikmyndaskóli Íslands (KVÍ) auglýsir eftir starfskrafti með tölvu- og/eda tækni menntun, eða staðgóða þekkingu þessum sviðum.

Reynsla eða menntun í kvikmyndagerð er æskileg. Um fullt starf er að ræða.

Starfskrafturinn þarf að hafa ríka þjónustulund, vera áreiðanlegur, skipulagður og stundvís, og búa yfir lipurð í mannlegum samskiptum.

Umsóknarfrestur er til 5. september 2014.

Frekari upplýsingar veita Sigurður og Inga Rut hjá Kvikmyndaskóla Íslands í síma 444 3300

VANTAR ÞIG VINNU? OKKUR VANTAR FÓLK Í LIÐIÐ!

Veitingastaðurinn Snaps við Óðinstorg óskar eftir að ráða kokka, þjóna og aðstoðarfólk í full störf og aukastörf.

Ert þú rétta manneskjan?

Áhugasamir vinsamlega hafi samband með því að senda línu á snaps@snaps.is

SNAPS
BISTRO - BAR

101 ÓÐINSTORG SNAPS.BISTRO.IS

FÉLAG  ATVINNUREKENDA

FRAMKVÆMDASTJÓRI ÓSKAST

Félag atvinnurekenda leitar að framkvæmdastjóra til að annast daglegan rekstur félagsins. Við leitum að sterkum einstaklingi sem hefur áhuga á að stýra hagsmunasamtökum inn- og útflytjenda. Hlutverk FA er að gæta hagsmuna aðildarfyrirtækja sinna með því að vera framvörður heilbrigðra verslunarháttá sem tryggir réttlátar leikreglur í samkeppni og eflir hag viðskipta og verslunar á Íslandi.

Starfssvið:

- Daglegur rekstur skrifstofu félagsins en þar starfa auk framkvæmdastjóra 3 starfsmenn
- Ráðgjöf við félagi í FA og aðaltengiliður þeirra
- Öflun nýrra félaga
- Talsmaður samtakanna gagnvart stjórnvöldum og öðrum hagsmunaaðilum
- Fylgjast með hagþróun og opinberri stefnumótun
- Skýrslugerð og eftirfylgni
- Þátttaka í öðum verkefnum í samvinnu við stjórn félagsins

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólagráða úr hagfræði eða lögfræði æskileg
- A.m.k. 5 ára starfsreynsla í krefjandi starfi
- Góð reynsla af greiningarvinnu
- Almenn rekstrarþekking
- Reynsla frá kennslu eða almannatengslum
- Áhugi á efnahagsmálum og hagsmunum verslunarstéttar í landinu
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð almenn málakunnátta

Við bjóðum:

- Áhugavert starf hjá félagsamtökum sem byggja á gömlum grunni
- Tækifæri til að hafa áhrif á þróun verslunar í landinu
- Góð tengsl við mörg áhugaverð fyrirtæki sem eru félagar í FA

Umsóknir óskast sendar til Félags atvinnurekenda, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík fyrir 15. september nk. eða til formanns FA, Birgis Bjarnasonar á netfangið birgir@isa.is. Hann veitir enn fremur nánari upplýsingar um starfið.

Félag atvinnurekenda var stofnað 1928 og hefur staðið vörð um hagi íslenskrar verslunar í 86 ár. Félagsmenn sem eiga aðild að samtökunum eru helstu fyrirtækin í inn- og útlutningi á Íslandi. Gildi FA eru: Heiðarleiki og frumkvæði.

PPAR1BWA-3IA-14272

Tæknimaður

Tæknideild er hluti af framleiðslueiningu Actavis á Íslandi og sér um viðhald og eftirlit með tækjabúnaði í verksmiðju og rannsóknarstofu fyrirtækisins, sem staðsett er í Hafnarfirði. Öll viðhaldsvinna er skráð í þjónustuskýrslur/viðhaldsforrit. Unnið er á tvískiptum vöktum; dag- og kvöldvöktum auk bakvakta.

Helstu verkefni:

- Fyrirbyggjandi viðhald, viðgerðir, eftirlit og breytingar á tækjabúnaði framleiðslu- og rannsóknarsviðs
- Þátttaka í uppsetningu á fyrirbyggjandi viðhaldi og nýjum tækjabúnaði
- Þátttaka í gildingarvinnu og kvörðunum á tækjabúnaði Actavis

Við leitum að einstaklingi

- með vélfræði- eða rafiðnfræðimenntun
- með reynslu af viðgerðum á vélbúnaði, stýringum og rafbúnaði (naudsýnlegt)
- sem býr yfir hæfni í mannlegum samskiptum
- sem tileinkar sér nákvæm, öguð og sjálfstæð vinnubrögð
- með góða ensku- og tölvukunnáttu

Umsóknir óskast fylltar út á www.actavis.is, undir Störf í boði fyrir 7. september nk.

Einungis er tekið á móti umsóknum á heimasíðu Actavis. Nánari upplýsingar um starfið veitir Jenný Sif Steingrímsdóttir, jsteingrimsdottir@actavis.is

Kíkið á
fleiri laus störf á
www.actavis.is


Actavis

Actavis Reykjavíkurvegi 76-78 220 Hafnarfirði
s 550 3300 f 550 3301 @ actavis@actavis.is
w www.actavis.is



Tæknimaður í sjónvarpskjarna

Hefur þú brennandi áhuga á framþróun í sjónvarpstækni? Þá gæti starf tæknimanns í sjónvarpskjarna Vodafone verið starf fyrir þig. Sjónvarpskjarni sér um rekstur á miðlægum búnaði sjónvarpskerfa Vodafone (IPTV, DVB-T og VOD) sem er ört vaxandi hluti af starfsemi fyrirtækisins. Tæknimaður tekur þátt í daglegum rekstri auk þess að vinna að þróun og uppbyggingu kerfanna.

Allar nánari upplýsingar um starf og hæfniskröfur er að finna á vodafone.is/storf.

Umsóknarfrestur er til og með 7. september 2014.

Vodafone
Góð samskipti bæta lífið



Topplagnir ehf. óska eftir að ráða verkamenn (aðstoðarmenn við pípulagnir).

Purfa að vera stundvísir og áreiðanlegir og geta hafið störf sem fyrst. Íslensku kunnátta skilyrði.

Umsókir sendist á topplagnir@internet.is
Upplýsingar gefur Brynjar í síma 698-8412

Ertu laghentur?

Leitum að traustum og laghentum starfsmanni til framtíðarstarfa á verkstæði/vöruafgreiðslu við viðgerðir og uppsetningu á rafmagnsbúnaði o.fl.

- Krafa um rafvirkjun, vélvirkjun eða sambærilega menntun
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð eru nauðsynleg
- Umsækjandi hafi þjónustulund og sé lipur í samskiptum

Nánari upplýsingar má finna á blog.eirberg.is
Áhugasamir sendi umsókn með starfsferilskrá og mynd á atvinna@eirberg.is merkt ATVINNUUMSÓKN fyrir 1. september 2014.

Eirberg 

Eirberg ehf. • Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is



SÖLUFULLTRÚI Á FYRIRTÆKJASVIÐI

Sláturfélag Suðurlands óskar eftir að ráða sölufulltrúa til starfa sem fyrst, um er að ræða fullt starf.

STARFSLÝSING

- Öflun nýrra viðskiptavina
- Samskipti og heimsóknir til núverandi viðskiptavina
- Gerð söluláætla
- Tilboðs- og samningagerð
- Eftirfylgni pantana

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Menntun eða góð reynsla í matvælagæiranum er skilyrði
- Þekking á fyrirtækja- og mótuneytismarkaði stór kostur
- Framúrskarandi söluhæfileikar er skilyrði
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og geta starfað sjálfstætt
- Góð tölvukunnátta
- Skipulögð vinnubrögð
- Reglusemi og stundvísi

Áhugasamir eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu félagsins www.ss.is fyrir 14. september nk.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jóhanna Benediktssdóttir, deildarstjóri fyrirtækjasviðs í síma 575-6000. Sláturfélag Suðurlands er leiðandi matvælafyrirtæki með starfsstöðvar í Reykjavík, á Selfossi og á Hvolsvelli. Hjá félaginu starfa um 300 starfsmenn. Upplýsingar um SS er að finna á heimasíðu fyrirtækisins www.ss.is.

 *fremstir fyrir bragðið*

HESTABLADIÐ SEISEI

Hestablaðið Seisei óskar eftir sölufólki. Annars vegar er um að ræða sölu á auglýsingum, laun eru árangurstengd. Hinsvegar vantar sölufólk í sölu á áskriftum um kvöld og helgar.

umsóknir sendist á jenseinars@seisei.is

Hestablaðið Seisei kemur út mánaðarlega og er selt í lausasölu og í áskrift. Blaðið er í dagblaðsbroti.



Íslenskir Fjallaleiðsögumenn var stofnað árið 1994 af fjórum ungum fjallagörpum og fagnar fyrirtækið því 20 ára starfsafmæli sínu á næsta ári. Frá upphafi hefur fyrirtækið farið ótrúðnar slóðir í fjallaferðum og verið leiðandi í umhverfis- og öryggismálum í ferðabjónustu. Íslenskir Fjallaleiðsögumenn bjóða upp á fjölbreyttar ferðir og allir ættu því að geta fundið eitthvað við sitt hæfi hjá einu rótgrónasta ferðabjónustufyrirtæki landsins. Íslenskir Fjallaleiðsögumenn - Örugglega á Fjöllum.

Deildarstjóri dagsferðadeildar

Íslenskir Fjallaleiðsögumenn óska eftir að ráða deildarstjóra dagsferðadeildar.

Ábyrgðasvið og helstu verkefni

- Daglegur rekstur deildarinnar
- Áættanagerð, sölustýring og yfirsýn yfir markaðsmál deildarinnar
- Samningar við birgja vegna endursölu ferða
- Situr vikulega fundi með öðrum stjórnendum fyrirtækisins
- Tekur virkan þátt í ýmsu svæðisbundnu samstarfi í ferðamálum og umhverfismálum svo og samstarfi á landsvísu

Menntun og hæfniskröfur

- Nám á háskólastigi, t.d. í ferðamálafræði, viðskiptafræði, landfræði, þjóðfræði eða öðrum greinum sem tengjast vel inn í ferðabjónustu
- Reynsla af stjórnun
- Nákvæmni og skipulag í vinnubrögðum
- Framúrskarandi í mannlegum samskiptum
- Góð enskukunnátta, fæni í öðrum tungumálum kostur

Upplýsingar veitir:

Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 8. september 2014


HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Vélvirkjar-Vélstjórar-Rafsuðumenn

Við leitum af manni á þjónustu verkstæði okkar. Starið er fjölbreytt og krefjandi, þjónusta, uppsetning frysti og kælikerfa og viðhald á vélbúnaði í stór og smá frysti og kælikerfi. Við leitum að vélvirkja, vélstjóra eða manni með sambærilega reynslu.

Hæfniskröfur: Þarf að hafa þekkingu á vinnu við vélbúnað
 Þarf að hafa reynslu af Tig suðu og Rafsuðu.
 Þarf að hafa grunnþekkingu á rafmagnsvinnu
 Þarf að geta unnið einn, eða með fleirum.
 Þarf að vera tilbúin að vinna langa vinnudaga í tórnum.
 Þarf að hafa góða þjónustulund .

Við leitum af framtíðar manni, æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Áhugasamir sendi umsókn á netfangið: frysti@islandia.is



VILT ÞÚ VINNA MEÐ OKKUR?

Okkur uantar duglegt og skemmtilegt fólk með mikla þjónustulund til starfa á veitingastöðum okkar í Borgartúni og Smáralind.

Við leitum að konum jafnt sem körlum sem vilja vinna hjá framsæknu fyrirtæki í lifandi umhverfi.

- ✦ **VEITINGASTJÓRI** - 100% starf í vaktavinnu
Umsækjandi þarf að vera eldri en 24 ára
- ✦ **STARFSFÓLK Í AFGREIÐSLU** - 100% starf í vaktavinnu
Umsækjandi þarf að vera eldri en 20 ára
- ✦ **STARFSMAÐUR Í ELDHÚS** - helgarvinna
Umsækjandi þarf að vera eldri en 20 ára og hafa reynslu af eldhússtörfum

Sendu okkur umsókn ásamt ferilskrá á local@localsalad.is

Við hlökkum til að heyra frá þér.

localsalad.is [localsalad](https://www.facebook.com/localsalad) [localsalad](https://www.instagram.com/localsalad)



local

Tossed Salads | Reykjavík

VEISTU HVAD ÞÚ VILT?

Vörður leitar að öflugum og þjónustulunduðum einstaklingum til að vinna í hópi metnaðarfullra starfsmanna félagsins. Störf hjá félaginu eru bæði fjölbreytt og krefjandi.

TRYGGINGARÁÐGJAFI

Vörður leitar að tryggingaráðgjafa í einstaklingsþjónustu til að sinna allri almennri þjónustu og ráðgjöf til viðskiptavina félagsins.

STARFSSVIÐ

- Vátryggingaráðgjöf.
- Samskipti og þjónusta við viðskiptavinum félagsins á einstaklingssviði.
- Tilboðsgerð og sala til nýrra og núverandi viðskiptavina.
- Þátttaka í verkefna- og starfshópum innan fyrirtækisins.
- Önnur tilfallandi verkefni.

HÆFNISKRÖFUR

- Grunnmenntun nauðsynleg, æskilegt að viðkomandi hafi framhaldsmenntun á sviði viðskipta, þjónustu eða stjórnunar.
- Reynsla af sölu- og þjónustustarfi er æskileg.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, þjónustulipurð og skipuleg vinnubrögð eru skilyrði.

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL OG MEÐ 12. SEPTEMBER NK.

Vinsamlega skilið umsóknunum inn á vef félagsins www.vordur.is. Nánari upplýsingar um störfina gefa: Gunnar Sigurðsson, forstöðumaður upplýsingatæknisviðs, gunnars@vordur.is og Harpa Víðisdóttir mannauðsstjóri, harpa@vordur.is.

KERFISSTJÓRI

Vörður leitar að kerfisstjóra til að annast daglegan rekstur upplýsingatæknikerfa og notendabjónustu félagsins.

STARFSSVIÐ

- Rekstur netþjóna í VMware-umhverfi.
- Rekstur hugbúnaðarkerfa.
- Notendabjónusta og uppsetning á búnaði.
- Umsjón með símkerfi og öðrum tækjabúnaði.
- Önnur tilfallandi verkefni.

HÆFNISKRÖFUR

- Menntun við hæfi og reynsla í rekstri Microsoft-tölvukerfa.
- Góð almenn tölvuþekking.
- Hæfni til að leysa vandamál og tileinka sér nýjungar.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, þjónustulipurð og skipuleg vinnubrögð eru skilyrði.

Vörður tryggingar hf. er alhliða vátryggingafélag í eigu BankNordik. Félagið hefur vaxið hratt á undanförunum árum og í dag starfa um 70 starfsmenn hjá félaginu. Vörður er áhugaverður vinnustaður fyrir fólk sem vill taka þátt í frekari uppbyggingu og vexti félagsins á komandi árum. Hjá Verði er gildandi jafnréttisstefna sem stuðlar að því að einstaklingar njóti sömu launakjara og starfstækifæra óháð kyni. Félagið hefur hlotið Jafnlaunavottun VR sem staðfestir það launajafnrétti sem ríkir hjá félaginu.



VIÐ VILJUM KYNNAST ÞÉR BETUR.

 **vörður**

Sjúkraliðar

Sunnuhlíð hjúkrunarheimili óskar eftir að ráða sjúkraliða til starfa. Ýmsir möguleikar eru á vaktafyrirkomulagi og starfshlutfalli.

Um síðustu áramót tók nýr aðili við rekstri heimilisins sem leitar nú að öflugum starfskrafti til þess að taka þátt í endurskipulagningu á rekstri og stefnumótun heimilisins.

Umsóknir sendist til: Dagmar Huld Matthíasdóttir, hjúkrunarforstjóri
S: 894-4128, dagmar@sunnuhlid.is, sem jafnframt veitir nánari upplýsingar.



Sunnuhlíð
Hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi



Lögfræðingur

Skrifstofa Alþingis auglýsir eftir lögfræðingi í stöðu nefndaritarara. Um fullt starf er að ræða. Sjá nánari upplýsingar á starfatorg.is.

Viltu vera ómissandi?

Starf móttökuritarara á auglýsingastofu er lifandi en erilsamt. Þú ert skeleggur starfsmaður, andlit fyrirtækisins og ávallt í ljómandi góðu skapi. Verkefni eru óþrjótandi og þú verður gjörsamlega ómissandi. Þeir sem telja að þetta sé einmitt rétta starfið eru endilega beðnir um að leggja inn umsókn.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Starfsreynsla af hvaða tagi sem er þar sem reynt hefur á þolinmæði og útsjónarsemi.
- Góð menntun snýst ekki alltaf um prófskrifteini heldur viljann til að læra og tileinka sér nýja hluti. Þess vegna er prófskrifteini ekki skilyrði en þau eru svo sannarlega engin fyrirstaða heldur.
- Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að fylla út umsóknarformið á Facebook-síðu stofunnar, facebook.com/pipartbwa, fyrir 7. september nk.



Umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

PIPAR\TBWA

PIPAR\TBWA \ Guðrúnartúni 8 \ 105 Reykjavík \ Sími 510 9000 \ www.pipar-tbwa.is

Hjá PIPAR\TBWA eru 75 starfsmenn. PIPAR\TBWA er hluti af TBWA sem er ein af framsæknum samstarfskeðjum auglýsingastofa í heiminum. Hjá TBWA starfa um 11.000 manns á 274 stofum í 100 löndum.



www.hafnarfjordur.is

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJÖRDARÞEJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRDUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Lausar stöður hjá Hafnarfjarðarbæ

- Í leikskólum
- Á frístundaheimilum
- Á heimilum fyrir fatlaða
- Matráður á Sólvangsvégi 1
- Liðsmenn og persónulegir ráðgjafar
- Hjá heimaþjónustunni
- Safnafulltrúi í Hafnarborg
- Á tölvudeildinni
- Proskapjálfi í ungmennahúsi

Nánari upplýsingar á www.hafnarfjordur.is

Tónlistarskóli Vopnafjarðar auglýsir



Tónlistarkennari óskast til starfa við Tónlistarskóla Vopnafjarðar. Leitað er að gítarkennara sem einnig getur kennt á eitt eða fleiri blásturshljóðfæri, tré og/eða málm-, og er reiðubúinn að taka að sér tónfræðikennslu gerist þess þörf.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknir og fyrirspurnir sendist á skólastjóra tónlistarskólans á netfangið sjymusic@gmail.com

Umsóknarfrestur er til og með 12. september 2014.

Vopnafjarðarhreppur

Lektor í lífefnafræði

Laust er til umsóknar starf lektors í lífefnafræði við Raunvísindadeild Háskóla Íslands

Á Verkfræði- og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands starfa um 300 manns við rannsóknir á heimsælikvarða og við fjölbreytta og metnaðarfulla kennslu á sviði verkfræði og náttúruvísinda.

Starfsumhverfið er alþjóðlegt enda eykst sífellt hlutfall erlendra nemenda og starfsmanna við sviðið. Deildir Verkfræði- og náttúruvísindasviðs eru sex og heyrir lífefnafræði undir Raunvísindadeild. Öflugt samstarf er milli deildanna.

- Rannsóknaraðstaða lektorsins er við Eðlisvísindastofnun sem er undirstofnun Raunvísindastofnunar. Starfið er á sviði tilraunavinnu með próteinsameindir.
- Lektorum er ætlað að taka þátt í að efla kennslu og rannsóknir í lífefnafræði við Háskóla Íslands og mun kenna námskeið á grunn- og framhaldsstigi í lífefnafræði.
- Umsækjendur skulu hafa lokið doktorsprófi í lífefnafræði eða sambærilegri grein.

Sjá nánar á www.hi.is/laus_storf.

Umsóknarfrestur er til og með 3. nóvember 2014.

Upplýsingar um starfið veitir **Snorri Þór Sigurðsson**, snorrisi@hi.is.



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Dagþjónusta, Vinna og Virkni Spennandi og fjölbreytt störf

Ás styrktarfélag óskar eftir **proskapjálfum og stuðningsfulltrúa** í 80-100% stöður. Vinnutíminn er frá 8.00-16.00 og 8.30-16.30 Stöðurnar eru lausar strax eða frá 1.september, einnig er möguleiki á hlutastörfum.

Um er að ræða vinnu- og virkniþöð fyrir fullorðin fólk með fötlun og dagþjónustu fyrir ungmenni. Starfsmaður tekur þátt í fjölbreyttum og spennandi verkefnum í samvinnu við góðan starfsmannahóp í sveigjanlegu og skemmtilegu vinnuumhverfi.

Upplýsingar veita Sigurbjörg Sverrisdóttir í síma 414-0560 og Valgerður Unnarsdóttir í síma 553-8228. Atvinnumsókn sendist á essy@styrktarfelag.is og valgerdur@styrktarfelag.is. Einnig má sækja um í gegnum heimasíðu félagsins www.styrktarfelag.is

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningum.



HÚSVÖRÐUR Í KAPLAKRIKA

Fimleikafélag Hafnarfjarðar leitar að karlkyns og kvenkyns húsvörðum í íþróttamiðstöðina í Kaplakrika.

Vinnutími: Um er að ræða vaktavinnu.

Starfslýsing og helstu verkefni: Almenn húsvörsla í Kaplakrika, taka á móti grunnskólabörnum og iðkendum FH, baðvarsla og þrif á húsnæðinu, almenn gæsla og fylgja eftir umgengisreglum Kaplakrika, afgreiðsla og önnur tilfallandi störf.

Hæfniskröfur: Viðkomandi þarf að vera barngóð, samvirkusöm, hafa ríka þjónustulund og vera íslenskumælandi. Umsækjandi þarf að vera 20 ára eða eldri og með hreint sakavottorð.

Áhugasamir skili inn umsókn með ferilskrá á netfangið - **biggi@fh.is** merkt **"Starfsúmsókn"**

Vinsamlegast skilið inn umsóknum í síðasta lagi fimmtudaginn 28. ágúst



HESTAMANNAFÉLAGIÐ SÖRLI REKSTRARSTJÓRI

Laus er til umsóknar staða rekstrarstjóra hjá hestmannafélaginu Sörli í Hafnarfirði. Um er að ræða **60% starf**. Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega.

Helstu verkefni:

- Daglegur rekstur, fjáröflun og fjármálastjórn
- Samskipti við stjórn og félagsmenn
- Viðburða- og verkefnastjórn
- Þróun og uppbygging hestamannafélagsins Sörli
- Vefstjórn
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Tölvukunnátta
- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar

Nánari upplýsingar veitir formaður félagsins, Magnús Sigurjónsson á magnuss@blonduskoli.is og skal umsókn og ferilskrá sendast á sama netfang.

Umsóknafrestur er til 15. september n.k.

NORÐLENSKA

Aðstoðarverkstjóri í pökkun og afgreiðslu

Við óskum eftir að ráða aðstoðarverkstjóra í pökkun og afgreiðslu Norðlenska á Akureyri. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Um framtíðarstarf er að ræða.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af áþekku starfi æskileg
- Sveinspróf í kjötið og lyftarapróf æskilegt
- Sjálfstæð vinnubrögð, stundvísi, skipulagshæfni og frumkvæði
- Góð samskiptahæfni, snyrtimennska og fagleg framkoma
- Góð almenn tölvukunnátta, sem og íslensku- og ensku kunnátta

Frekari upplýsingar um starfið veitir Hörður Erlendsson verkstjóri í síma 840 8864 eða netfang pokkunakureyri@nordlenska.is. Umsóknarfrestur er til og með **7. september 2014**. Áhugasamir eru hvattir til að sækja um á www.nordlenska.is. Öllum umsækjendum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Norðlenska er eitt öflugasta matvælaframleiðslufyrirtæki landsins með um 180 starfsmenn að jafnaði. Fyrirtækið hlaut nýlega gullmerki jafnlaunaúttektar PwC til marks um að jafnrétti kynjanna er haft að leiðarljósi við launaákvörðanir.



HÚSASMIÐJAN LEITAR AÐ ÖFLUGUM LIÐSMANNI



Húsasmiðjan í Hafnarfirði vill ráða sölu- og afgreiðslumann í pípudeild/fagmannaverslun.

Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst

Ábyrgðarsvið

- Sala, ráðgjöf og þjónusta við viðskiptavini
- Önnur tilfallandi störf

Hæfniskröfur

- Reynsla af pípulögnum og/eða þekking á pípulagnaefni kostur
- Samskiptahæfni og frumkvæði
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Stundvísi

Nánari upplýsingar veitir:

Atli Ólafsson rekstrarstjóri

atliol@husa.is

Umsóknir berist fyrir 8. september n.k. til Thelmu Guðmundsdóttur thelma@husa.is Öllum umsóknum verður svarað



Húsasmiðjan leggur metnað sinn í að veita fyrsta flokks þjónustu og hafa gott aðgengi að vörum sínum og starfsfólki. Það sem einkennir starfsmenn Húsasmiðjunnar eru eftirfarandi gildi:

**Metnaður
Þjónustulund
Sérþekking
Áreiðanleiki
Liðsheild**



ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956



Reykjavíkurborg Borgarbókasafn

Laus er til umsóknar staða deildarstjóra fræðslu, viðburða og miðlunar við Borgarbókasafn Reykjavíkur.

Borgarbókasafn er almenningsbókasafn Reykvíkinga sem hefur starfsemi víðsvegar um borgina. Undir merkjum safnsins eru rekin 6 söfn, bókaþillinn Höfðingi og sögubíllinn Æringi. Safnið tilheyrir Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkur sjá nánar www.reykjavik.is

Í árslok sameinast Borgarbókasafn Reykjavíkur og Menningarmiðstöðin Gerðuberg í eina öfluga menningarstofnun og liður í þeirri sameiningu er komið verður á fót nýrri deild fræðslu, viðburða og miðlunar. Með sameiningu þessara tveggja stofnana er framtíðarhlutverk safna Borgarbókasafns sem menningarmiður í hverfum borgarinnar styrkt.

Starfssvið:

- Þátttaka í að innleiða breyttar áherslur í rekstri og starfsemi Borgarbókasafns Reykjavíkur með það að markmiði að efla fagmennsku, styrkja rekstur og auka sýnileika safnsins gagnvart borgarbúum og gestum.
- Stjórnun og fagleg ábyrgð á deild fræðslu, viðburða og miðlunar.
- Umsjón og ábyrgð á daglegum rekstri deildarinnar.
- Yfirumsjón með hugmyndavinnu, mótun, skipulagningu og framkvæmd viðburða, sýninga sem og fræðsludagskrá þvert á alla starfsstaði Borgarbókasafns
- Yfirumsjón með víðtæku kynningarstarfi Borgarbókasafns.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á framhaldsstigi sem nýtist í starfi.
- A.m.k. 3ja ára starfsreynsla á sviði stjórnunar og skipulagningar fræðslu, viðburða og miðlunar.
- Metnaður, frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi.
- Færni og geta til að vinna undir álagi og sinna mörgum viðfangsefnum.
- Mikil færni í mannlegum samskiptum og sveigjanleiki.
- Gott vald á upplýsingatækni og áhugi á að tileinka sér nýjungar á því sviði.
- Gott vald á íslensku og ensku og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. desember.

Launakjör eru skv kjarasamningi Reykjavíkurborgar við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar. Upplýsingar um starfið gefur Pálína Magnúsdóttir borgarbókavörður, palina.magnusdottir@reykjavik.is Umsóknarfrestur er til og með 15. september n.k. Umsóknir skulu sendar á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í. Reykjavíkurborg vinnur gegn mismunun á vinnumarkaði og hvetur innflytjendur, fatlað fólk, hinsegin fólk og fólk á öllum aldri til að sækja um störf hjá borginni.

SKIPSTJÓRI ÓSKAST

Leitað er að skipstjóra á skipið Blíðu SH.277,
Skipaskrárnúmer 1178.

Skipið hefur skráða lengd 20,63 metrar og verður gert út til Beitukónsveiða frá Stykkishólmi frá september og fram í janúar. Um framtíðarstarf getur verið um að ræða þar sem beitukóngur verður veiddur á tímabilinu frá byrjun júní fram í janúar. Skoða mætti með verkefni yfir vertíðina í samstarfi við skipstjóra / áhöfn. Þrír eru í áhöfn á beitukónsveiðum og miðað við eðlilega sókn og veiði, geta tekjur orðið góðar.

Vinsamlegast hafið samband við Lúðvík í
síma 4211400 eða 8922327

Sölumaður óskast

Fótspor ehf. óskar eftir að ráða sölumann til starfa.

Fótspor ehf. er útgáfufyrirtæki sem gefur út samtals níu blöð í dag. Hægt er að sjá nánari upplýsingar um fyrirtækið á www.fotspor.is

Hæfniskröfur: Viðkomandi þarf að kunna góð skil á excel og reynsla af sölumennsku er æskileg.

Vinsamlegast sendið umsóknir á as@fotspor.is fyrir 8. september 2014.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum auglýsir starf á skrifstofu stofnunarinnar laust til umsóknar. Um er að ræða 50% starf ótímabundið. Starfið felur í sér símsvörur, aðstoð við bókhald og almenn skrifstofustörf.

Menntunar- og hæfniskröfur:

Stúdentspróf er skilyrði. Umsækjandi þarf að hafa gott vald á íslensku máli. Kunnátta í ensku og a.m.k. einu Norðurlandamáli er nauðsynleg. Sjálfstæði í vinnubrögðum og nákvæmni er mikilvæg. Hæfni í mannlegum samskiptum og samvinnu er mikilvæg.

Umsækjendur skulu láta fylgja umsókn sinni vottorð um námsferil sinn og störf, svo og nöfn, símanúmer og netföng tveggja umsagnaraðila.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi ríkisins og SFR.

Umsóknir skulu berast til Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Árnagarði við Suðurgötu, 101 Reykjavík, eigi síðar en mánudaginn 15. september 2014 eða á rafrænu formi á netfangið kari@hi.is. Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin.

Við ráðningar í störf hjá Árnastofnun er tekið mið af jafnréttisstefnu stofnunarinnar.

Ýmsar upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðu hennar, www.arnastofnun.is.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kári Kaaber, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs (s. 525 4010, kari@hi.is).

Veðurstofa Íslands**Snjóathuganir í Ólafsvík**

Veðurstofa Íslands óskar eftir að ráða snjóathugunarmann til starfa í Ólafsvík. Um er að ræða hlutastarf í tímavinnu, sem alla jafna er unnið á tímabilinu 15. október til 15. maí.

Snjóathugunarmaður fylgist með snjóalögum og veðri í nágrenni við sitt byggðalag og aðstoðar við að meta yfirvofandi hættu á snjóflóðum. Einnig sinnir snjóathugunarmaður reglulegum mælingum á snjó, mælir snjóflóð sem falla og skrifar um þau skýrslur.

Umsækjandi verður að þekkja vel til veður- og snjóaðstæðna í Ólafsvík. Hann verður að geta gert snjóathuganir til fjalla, jafnvel við erfiðar aðstæður, og starfað undir miklu álagi þegar hættuástand skapast. Nýr starfsmaður mun fá þjálfun í öryggisatriðum sem tengjast starfinu og mati á snjóflóðahættu. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf í byrjun október.

Umsóknarfrestur til og með 14. september nk.

Gildi Veðurstofunnar eru þekking, áreiðanleiki, framsækni og samvinna. Ráðningar hjá stofnuninni munu taka mið af þessum gildum.

Laun taka mið af kjarasamningum ríkisins og viðeigandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um starfið veita Harpa Grímsdóttir, fagstjóri ofanflóðavár (harpa@vedur.is) og Borgar Ævar Axelsson, mannauðsstjóri (borgar@vedur.is), í síma 522 6000

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á www.starfatorg.is.

www.vedur.is
522 6000

Veðurstofa Íslands**Snjóathuganir í Vík í Mýrdal**

Veðurstofa Íslands óskar eftir að ráða snjóathugunarmann til starfa í Vík í Mýrdal. Um er að ræða hlutastarf í tímavinnu, sem alla jafna er unnið á tímabilinu 15. október til 15. maí.

Snjóathugunarmaður fylgist með snjóalögum og veðri í nágrenni við sitt byggðalag og aðstoðar við að meta yfirvofandi hættu á snjóflóðum. Einnig sinnir snjóathugunarmaður reglulegum mælingum á snjó, mælir snjóflóð sem falla og skrifar um þau skýrslur.

Umsækjandi verður að þekkja vel til veður- og snjóaðstæðna í Vík og nágrenni. Hann verður að geta gert snjóathuganir til fjalla, jafnvel við erfiðar aðstæður, og starfað undir miklu álagi þegar hættuástand skapast. Nýr starfsmaður mun fá þjálfun í öryggisatriðum sem tengjast starfinu og mati á snjóflóðahættu. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf í byrjun október.

Umsóknarfrestur til og með 14. september nk.


Gildi Veðurstofunnar eru þekking, áreiðanleiki, framsækni og samvinna. Ráðningar hjá stofnuninni munu taka mið af þessum gildum.

Laun taka mið af kjarasamningum ríkisins og viðeigandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um starfið veita Harpa Grímsdóttir, fagstjóri ofanflóðavár (harpa@vedur.is) og Borgar Ævar Axelsson, mannauðsstjóri (borgar@vedur.is), í síma 522 6000

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á www.starfatorg.is.

www.vedur.is
522 6000

**RÉTTARGEÐDEILD OG ÖRYGGISGEÐDEILD Yfirlæknir**

Starf yfirlæknis við réttargeðdeild og öryggisgeðdeild Landspítala er laust til umsóknar. Um fullt starf er að ræða og veitist það frá 1. október næstkomandi til 5 ára. Umsækjendur skulu hafa sérfræðiviðurkenningu í geðlækningum og viðtæka reynslu af meðhöndlun ósakhæfra afbrotamanna sem og lögræðissviptra einstaklinga.

Helstu verkefni og ábyrgð

Áhersla er lögð á uppbyggingu og þróun réttargeðlækninga við sjúkrahúsið. Yfirlæknirinn er yfirmaður réttar- og öryggisgeðdeilda Landspítala og ber einnig ábyrgð á eftir meðferð útskrifaðra sjúklinga deildarinnar í samræmi við dómsúrskurði og reglur deildarinnar. Yfirlæknirinn ber ábyrgð gagnvart framkvæmdastjóra geðsviðs.

Hæfniskröfur

Stjórnunarreynsla, leiðtogaþæfileikar og framúrskarandi samskiptahæfni eru skilyrði. Yfirlækninum ber að hlúa að kennslu og vísindavinnu í faginu og því er nauðsynlegt að umsækjendur hafi doktorspróf eða sambærilegan bakgrunn.

Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 15. september 2014.
- » Starfshlutfall er 100%.
- » Umsókninni skulu fylgja vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf og reynslu af kennslu-, vísinda- og stjórnunarstörfum, ásamt afriti af helstu ritmiðum sem umsækjandi hefur ritað eða átt þátt í.
- » Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast til Maríu Einisdóttur, framkvæmdastjóra geðsviðs, 34A við Hringbraut.
- » Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið einnig á þeim auk mati stöðunefndar á innsendum umsóknargögnum.
- » Upplýsingar veita María Einisdóttir, framkvæmdastjóri, mariaein@landspitali.is, sími 543 4077 og Sigríður Edda Hafberg, mannauðsráðgjafi, shafberg@landspitali.is, sími 543 4453.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sött er um starfið rafrænt á www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.



Við fjölgum í Primo liðinu!

Okkur langar að bæta við **vaktstjóra í sal**. Um er að ræða **100% starf**. Viðkomandi þarf að hafa reynslu og vinna vel undir álagi. Einnig vantar okkur **þjón** í kvöld og helgarvinnu.

Umsóknir sendist með ferilskrá á:
haukur@primo.is

PRIMO
— RISTORANTE —

Grensásvegi 10 | 108 Reykjavík | Sími: 519 5999
info@primo.is | www.primo.is



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Námsstöður deildarlækna	LSH, Bráðalækningar	Reykjavík	201408/673
Yfirlæknir	LSH, Réttar- og öryggisgeðdeild	Reykjavík	201408/672
Hjúkrunarfræðingar	LSH, gjörgæsla F	Reykjavík	201408/671
Hjúkrunarfræðingur	LSH, Göngudeild, almenn	Reykjavík	201408/670
Iðjuþjálfar	LSH, Geðendurhæfing	Reykjavík	201408/669
Sjúkraliði/Sérhæfður aðstoðarmaður	LSH, Röntgendeild	Reykjavík	201408/668
Starfsmaður í móttöku	LSH, Rannsóknakjarni	Reykjavík	201408/667
Hjúkrunarmóttaka/skólaheilsugæsla	Heilbrigðisstofnun Surðunesja	Keflavík	201408/666
Hjúkrunarfræðingur á geðdeild	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201408/665
Lektor í lífefnafræði	HÍ, Raunvísindadeild	Reykjavík	201408/664
Hjúkrunarfræðingur	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Seyðisfjörður	201408/663
Aðstoðarfólk í umönnun	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Seyðisfjörður	201408/662
Hjúkrunarfræðingar	Sólvangur, hjúkrunarheimili	Hafnarfjörður	201408/661
Skrifstofustarf	Stofnun Árna Magnússonar	Reykjavík	201408/660
Lögreglumenn	Sýslumaðurinn í Borgarnesi	Borgarnes	201408/659

Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

- Stuðningsfulltrúi í Álfhólsskóla
- Sérkennslustjóra vantar leikskólann Austurkór
- Deildarstjóra í leikskólann Sólhvörf
- Leikskólakennari í stuðning Sólhvörf
- Starfsfólk á Skjólbraut –heimili fatlaðs fólks
- Starfsfólk í dægradvöl Vatnsendaskóla
- Leikskólakennari í Urðarhól
- Leikskólakennari í sérkennslu í Urðarhól

Nánari upplýsingar og fleiri störf er að finna á vef Kópavogsbæjar

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is

Vakin er athygli á að öll laus störf hjá bænum eru auglýst www.kopavogur.is



Kópavogsbær

kopavogur.is

Sala á sérferðum (Specific sales)

Arctic Adventures er íslenskt ævintýra- og afþreyingafyrirtæki sem leggur áherslu á vistvæna ferðamennsku í einstakri náttúru Íslands. Hjá fyrirtækinu starfa 50-60 manns í Vatnagörðum 8 og á Laugarvegi 11. Nánari upplýsingar um fyrirtækið má sjá á www.adventures.is. Fyrirtækið leitar nú að Söluráðgjafa til að starfa við sölu á sérferðum.

Um starfið:

- Sala hópfæra og sérsniðinna ferða fyrirtækisins
- Þjónusta við viðskiptavinum
- Aðstoð við hönnun ferða og áætlanagerða
- Samskipti við erlenda og innlenda söluaðila
- Upplýsingagjöf og miðlun
- Skráningar og utanumhald
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur

- Marktæk starfsreynsla og menntun sem nýtist í starfinu er æskileg
- Rík þjónustulund og góðir söluhæfileikar
- Þekking á ferðaþjónustu og reynsla af ferðalögum innanlands og erlendis
- Reynsla af gönguferðum (trek/hike) er kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum og hópvinna
- Tölvukunnátta
- Tungumálakunnátta – enska er skilyrði og þriðja tungumál kostur
- Nákamni og öguð vinnubrögð
- Frumkvæði og drifkraftur

Hugtak
mannauðsráðgjöf

Umsóknarfrestur er til og með **13. september 2014**. Umsóknir (ásamt ítarlegri ferilskrá) skulu fylltar út á www.hugtak.is undir Umsækjendur → Laus störf



www.adventures.is | Vatnagarðar 8 | 104 | RVK

arctic adventures

CAPACENT RÁÐNINGAR

Ráðgjafar Capacent Ráðninga búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

Skráning er umsækjendum að kostnaðarlausu.

Á hverju ári ráða Capacent Ráðningar hundruð einstaklinga í störf hjá fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum sem og hjá sveitarfélögum og opinberum stofnunum. Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is

Capacent Ráðningar
Ármúla 13
Sími 540 1000

capacent



Bláskógabyggð

Proskapjálfi

Leikskóladeild Bláskógaskóla á Laugarvatni auglýsir eftir Proskapjálfa til starfa sem fyrst.

Um er að ræða 100% starf í 24 barna leikskóla á Laugarvatni.

Ef ekki fæst þroskajálfi í starfið verður ráðinn annar starfskraftur með menntun sem nýtist í starfi.

Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Allir starfsmenn sem ráðnir eru við Bláskógaskóla þurfa að sýna fram á hreint sakavottorð.

Bláskógaskóli er í Bláskógabyggð með tvær starfsstöðvar, leik- og grunnskóladeild á Laugarvatni og grunnskóladeild í Reykholti.

Nánari upplýsingar veitir Hrund Harðardóttir skólustjóri hrund@blaskogaskoli.is s 4803020/8616609

Umsóknarfrestur er til fimmtudagsins 11. september 2014

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Flataskóli, leikskóladeild

- leik- og grunnskólakennari

Sjáländsskóli

- starfsmaður í tómstundaheimili

Íþróttamiðstöðin Sjáland

- 50% starf í kvennaklefa

Leikskólinn Hæðarból

- aðstoðarmatráður 40% starf

Leikskólinn Bæjarból

- sérkennslustjóri

Leikskólinn Akrar

- leikskólakennari tímabundið starf

Leikskólinn Sunnuhvoll

- leikskólakennari

Miðskógar

- starfsmaður á heimili fyrir fatlað fólk

Móaflöt

- þroskajálfi

Krókamýri

- starfsmaður á heimili fyrir fatlað fólk



MOSFELLSBÆR

Leikskólinn Hlíð Mosfellsbæ

Staða leikskólustjóra við leikskólann Hlíð

Hlíð er um 100 barna leikskóli, staðsettur miðsvæðis í Mosfellsbæ. Í skólafestnu Hlíðar er lögð áhersla á skapandi starf, umhverfisvitund og tengsl við náttúru.

Leikskólustjóri stjórnar daglegri starfsemi og ber ábyrgð á faglegu starfi og rekstri leikskólans í samræmi við 5. gr. laga um leikskóla frá árinu 2008. Hann ber ábyrgð á skipulagi skólustarfs í samstarfi við foreldra, starfsfólk skólans og skólafyrirvöld. Hann ber einnig ábyrgð á mannauðsmálum svo sem ráðningum, vinnutilhöggun og starfsþróun.

Menntunar- og hæfniröfur:

- Leyfisbréf leikskólakennara
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar og kennslureynsla á leikskólustigi
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogaþæfni og lausnamiðuð hugsun
- Sjálfstæði í starfi og hæfni til samstarfs
- Þekking á rekstri og áætlanagerð æskileg

Nánari upplýsingar um leikskólann Hlíð má finna á heimasíðu skólans: <http://www.leikskolinn.is/hlid>.

Æskilegt er að viðkomandi geti byrjað sem fyrst eða skv. nánari samkomulagi.

Nánari upplýsingar um starfið veitir skólafulltrúi Mosfellsbæjar, Gunnhildur María Sæmundsdóttir í síma 5256700, 8613525 eða á netfangið gs@mos.is.

Umsóknir ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið ásamt framtíðarsýn á starf Hlíðar skulu sendar til Sigríðar Indriðadóttur, mannauðsstjóra Mosfellsbæjar á netfangið sigriduri@mos.is.

Umsóknarfrestur er til 19. september 2014.

Laun eru samkvæmt samningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla.

Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið

Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

styrkir

Jöfnunarstyrkur til náms

Umsóknarfrestur á haustönn 2014 er til 15. október n.k.

Nemendur á framhaldsskólustigi sem ekki njóta lána hjá LÍN geta sótt um styrk til jöfnunar á námskostnaði. Styrkurinn ræðst af búsetu og er fyrir þá sem stunda nám fjarri heimili sínu.

- Dvalarstyrkur (fyrir þá sem verða að dvelja fjarri lögheimili og fjölskyldu sinni vegna náms).
- Styrkur vegna skólaaksturs (fyrir þá sem sækja nám frá lögheimili og fjölskyldu fjarri skóla).

Nemendur og aðstandendur þeirra eru hvattir til að kynna sér reglur um styrkinn á vef LÍN (www.lin.is).

Lánasjóður íslenskra námsmanna
Námsstyrkjanefnd




Styrkir til tónleikahalds í Hörpu 2015

Stjórn Styrktarsjóðs Samtaka um tónlistarhús og Ruthar Hermanns auglýsir eftir umsóknum til tónleikahalds í Hörpu árið 2014.

Veittir verða styrkir til tónlistarmanna og/eða tónlistarhópa. Umsóknarfrestur er til 6. október 2014.

Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð eru aðgengileg á heimasíðu sjóðsins: www.styrktarsjodursut.is/

Úthlutun verður í nóvember.



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



S A F T



Vantar þig starfsmann?

- við leysum málið.

Nánari upplýsingar hjá Vinna.is



ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- Vetrarþjónusta göngu- og hjólaleiða í Reykjavík 2014 – 2015. Útboð I, nr. 13312.

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod



Reykjavíkurborg
Innkaupadeild

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

ÚTBOÐ

ÚTBOÐ NR. 15717

Arnarhvoll - innanhússframkvæmdir Endurbætur og breytingar 1. áf. 3.hæð vestur

Framkvæmdasýsla ríkisins, f.h. fjármála- og efnahagsráðuneytisins, óskar eftir tilboðum í innanhússframkvæmdir, endurbætur og breytingar í Arnarhvoli.

Um er að ræða framkvæmdir á 3. hæð hússins í vestur á alls um 500 m² svæði, auk þess skal setja lyftu í húsið og endurnýja snyrtingar á öllum hæðum. Rif hefur farið fram, en um er að ræða ný gólfefni, loftaefni og milliveggi og einnig skal skipta um ofna og endurnýja raflagnir og lagnir.

Vettvangsskoðun verður haldin **mánudaginn 8. september, kl. 14** að viðstöddum fulltrúa verkkaupa.

Verkinu skal vera að fullu lokið eigi síðar en **19. desember 2014**.

Útboðsgögn verða til sýnis og sölu á kr. 3.500 hjá Ríkiskaupum, Borgartúni 7C, 105 Reykjavík frá og með miðvikudagnum 3. september. Tilboðin verða opnuð hjá Ríkiskaupum 16. september kl. 14 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP



ÚTBOÐ

Endurbætur á raflögnum í byggingu nr. 831, Keflavíkflugvelli - 1. áfangi

ÚTBOÐ NR. 6061030-G

Framkvæmdasýsla ríkisins, f.h. Landhelgisgæslu Íslands, óskar eftir tilboðum í framkvæmdir við breytingar á raflögnum í byggingu nr. 831, sem er innan öryggissvæðis Keflavíkflugvallar. Leggja skal til 3x400V, 50Hz aðaltöflu með skiptiröfum fyrir net og rafstöð og leggja nýtt lágspennit dreifikerfi í bygginguna. Smíða, setja upp og tengja skal nýjar dreifitöflur og greinatöflur, setja upp kapalstiga og leggja nýja stofna frá aðaltöflu að dreifitöflum. Skipta skal um lampa, rafbúnað, innlagnarefni, tengla, rofa, mótora og dælur og breyta lömpum ásamt öðru sem tilgreint er í verklýsingu og á teikningum. Í byggingunni er háspennit 4160V, 60Hz dreifikerfi, 4160/208V, 60Hz spennar, 208V, 60Hz dreifitöflur og undirtöflur sem verða í notkun þegar verkið hefst. Í rafstöðvarrymi hefur verið komið fyrir spennistöð á vegum á HS-Veitna hf. og í rýminu er einnig vararastöð sem áfram verður nýtt fyrir flugskýlið. Byggingin er flugskýli með verkstæðum, skrifstofum, rafstöðvarrymi, tækniýmum, göngum, salernum og geymslum á tveimur hæðum í sambygðum hliðarbyggingum við flugskýlið og er samtals um 12.200 fermetrar. Fara þarf inn um vaktad hlið til þess að komast á verkstað og skulu starfsmenn verktaka hafa öryggis- og aðgangsheimild inn á vinnusvæðið og fylgja öryggis-kröfum Landhelgisgæslu Íslands, Isavia og þeim reglum sem gilda á öryggis- og varnarsvæðum. Bakgrunnsskoðunar verður krafist af verktaka og öllum starfsmönnum sem koma að verkinu og einnig af undirverktökum. Allir starfsmenn verktaka þurfa að fylla út trúnaðar-ryfirlýsingarform og mæta á kynningu í öryggismálum vegna byggingar 831. Tilboðsskrá með öllum magntölum fylgir með útboðsgögnum.

Vettvangsskoðun verður haldin föstudaginn 5. september 2014 kl 10-11 að viðstöddum fulltrúa verkkaupa.

Verkinu skal vera að fullu lokið eigi síðar en 30. júní 2015.

Útboðsgögn verða til afhendingar hjá Framkvæmdasýslu ríkisins, Borgartúni 7A, 105 Reykjavík frá og með þriðjudagnum 2. september 2014, opnunartími 8:30 - 16:00. Tilboðin verða opnuð hjá Framkvæmdasýslu ríkisins 16. september 2014 kl. 11:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

ÚTBOÐ

Útboð 15723 -

Breytingar á brottfararsal Norðurbyggingar Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.

Ríkiskaup fyrir hönd Isavia ohf. óska eftir áhugasömum aðilum til að taka þátt í opnu útboði vegna breytinga á brottfararsal Norðurbyggingar Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.

Verkið felst í rífi á hluta gólfefna, lofta og innveggja ásamt viðeigandi förgun og endurnréttingu hæðar. Gerður verður stjórnunarsamningur við verktaka um stýringu á undirverktökum og efnisinnkaupum.

Áætlað upphaf framkvæmda er 01.11.2014 og skal verkinu vera að fullu lokið eigi síðar en 30.04.2015.

Nánari upplýsingar má finna í útboðsgögnum, sem verða aðgengileg á vef Ríkiskaupa (www.rikiskaup.is) miðvikudaginn 3. september nk. Tilboðum skal skila til Ríkiskaupa, Borgartúni 7c, 105 Reykjavík þar sem þau verða opnuð 23.09.2014, kl. 11.00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP



til leigu

Til leigu áhugavert lðnaðar-/geymsluhúsnæði

Til leigu er nýendurgert og vel staðsett húsnæði í Sandgerði.

Húsnæðið er með góðu aðgengi, mikilli lofthæð og stórum innkeyrslu-hurðum.

Val er um mismunandi stærðir frá 150fm. Um er að ræða hagstætt leiguverð.

Nánari upplýsingar veitir Sigurður í síma 898-7820

styrkir



Námsleyfi grunnskólakennara og skólastjórnenda

Stjórn Námsleyfjasjóðs auglýsir eftir umsóknum um námsleyfi grunnskólakennara og stjórnenda grunnskóla skólaárið 2015–2016. Stjórn sjóðsins hefur ákveðið að við úthlutun verði sett í forgang nám sem tengist:

- þróun kennsluhátta sem stuðla að fjölbreyttum námsaðferðum í lestri/stærðfræði
- kennslu nemenda af erlendum uppruna

Skal allt að 1/3 námsleyfa úthlutað vegna þessa.

Umsækjendum er gert að sækja um á rafrænu formi á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga www.samband.is. Umsóknir á öðru formi verða ekki teknar gildar. Ekki er tekið við viðbótargögnum og því verða allar upplýsingar að koma fram í umsókninni.

Umsóknarfrestur er til og með 1. október 2014.

Umsækjandi, sem æskir námsleyfis, skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum og skuldbindingum, sbr. reglur um Námsleyfjasjóð:

- Hafa gegnt starfi í 10 ár samtals við kennslu, ráðgjöf eða stjórnun í grunnskóla, í eigi minna en hálfu starfi, og verið í starfi sl. fjögur ár.
- Vera fastráðinn starfsmaður sveitarfélags eða aðila sem stofnað er til með samstarfi sveitarfélaga og taka laun samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara eða kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélags Íslands.
- Ljúka 60 ECTS eininga háskólanámi eða sambærilegu námi, miðað við 1/1 námsleyfi, og skal námið miða að því að nýtast viðkomandi í því starfi sem hann er ráðinn til að sinna.
- Að loknu námsleyfi skal námsleyfishafi senda stjórn sjóðsins innan fjögurra mánaða staðfest vottorð skóla um nám í námsleyfinu.
- Enginn getur fengið hærra fjárhæð í námsleyfi en sem nemur tveggja ára föstum launum á starfsævi viðkomandi.
- Laun í námsleyfi miðast við starfshlutfall námsleyfisþega næsta skólaár áður en námsleyfi hefst eða meðaltal síðustu þriggja ára ef það er hærra.

Nánari upplýsingar veitir Klara E. Finnbogadóttir í síma 515 4900 eða í tölvupósti á klara.e.finnbogadottir@samband.is


FORVAL	
1	Fasteignafélag Árborgar slf
2	Sunnulækjarskóli, viðbygging
3	Fasteignafélag Árborgar óskar eftir áhugasömum aðilum til þess að taka þátt í forvali vegna viðbyggingar við Sunnulækjarskóla, Selfossi. Áhugasamir aðilar sendi tölvupóst á netfangið gds@arborg.is þar sem fram komi nafn aðila, kennitala, heimilisfang, netfang og símanúmer.
4	Lýsing á verkinu: Byggð verður viðbygging við austurenda langhúss byggingarinnar. Byggingin er tvær hæðir með loftrásitækniými á þaki, mjög svipað kennsluálmenni til norðurs. Einnig verður langhússbyggingin lengd til austurs. Steypur plötur hússins eru með eftirspenntum köplum. Áætluð stærð viðbyggingarinnar er um 1.370 m ² . Búið verður að grafa fyrir viðbyggingu, fylla undir sökkla og girða af vinnusvæðið. Gert er ráð fyrir að efri hæð viðbyggingar verði fullbúin og tilbúin til notkunar í ágúst 2015 og neðri hæðin og lóð í júlí 2016. Taka verður tillit til þess við alla skipulagningu og framkvæmd verksins að skólinn er í fullri notkun.
5	Forvalsgögn verða send út frá 1. september í rafrænu formi með tölvupósti til þeirra er lýst hafa áhuga sínum á þátttöku í forvalinu um verkið. Gögnum skal skila inn í seinasta lagi 18. september 2014 kl. 15:00. Þeir aðilar sem uppfylla kröfur sem fram koma í forvalsgögnum geta tekið þátt í útboði á verkinu.
Mannvit hf. Úrðarhvarfi 6 203 Kópavogi Sími: 422 3000 www.mannvit.is	



Breyting á gjaldskyldutíma á gjaldskyldum bílastæðum Reykjavíkurborgar

Frá og með 1. september 2014 verður gjaldskyldutími á bílastæðum Reykjavíkurborgar á gjaldsvæðum 1, 2 og 3 frá kl. 9 til kl. 18 virka daga og frá kl. 10 til kl. 16 á laugardögum.

Bilastæðasjóður Reykjavíkur
Vonarstræti 4, 101 Reykjavík



Ofanleiti 5
103 Reykjavík
Miðsvæðis - stutt í alla þjónustu

Stærð: 106,1 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1985
Fasteignamat: 28.050.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Alpha

María Kristín Sölufulltrúi
8217676
maria@remax.is

Brynjólfur Sölufulltrúi
820-8080
binni@remax.is

Sylvía Walthersd Lögg. fasteignasali
4777777
sylvia@remax.is

Snyrtileg og góð sameign Verð: 35.900.000

Góð 4 herbergja íbúð í einstaklega vel viðhaldnu og snyrtilegu fjölbýli á frábærum stað miðsvæðis í Reykjavík. Um er að ræða eign sem er skráð 106,1 fm. með stæði í bílskyl. Einstaklega vel staðsett eign það sem er stutt í alla þjónustu, Kringlan í göngufæri. Bókið skoðun sjón er sögurikari.

RE/MAX Alpha - Skeifan 17 - 108 Reykjavík - Sími: 4777777 - www.remax.is

LAUS STRAX !
203 Kópavogur
Hörðukór 3 - Útsýnisíbúð

Stærð: 126,5 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2007
Fasteignamat: 31.600.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Alpha

María Kristín Sölufulltrúi
8217676
maria@remax.is

Brynjólfur Sölufulltrúi
820-8080
binni@remax.is

Sylvía Walthersd Lögg. fasteignasali
4777777
sylvia@remax.is

